



Samtakahópurinn, fundur haldinn 26.10.2022 kl. 14.00 í Ráðhúsi Reykjaneshæjar Tjarnargötu 12

**Mætt: María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir FFGÍR,
Gunnhildur Gunnarsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Ásdís Ragna Einarsdóttir og Hafþór Birgisson
sem jafnframt ritaði fundargerð.**

Fundargerð

1. mál Heilsu og forvarnarvika í Reykjaneshæ 3. – 9. október nk.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar íbúum, stofnunum og fyrirtækjum fyrir virka þátttöku í heilsu- og forvarnarviku Reykjaneshæjar sem fór fram 3. – 9. október sl. Allar ábendingar varðandi heilsu- og forvarnarvikuna eru vel þegnar á forvarnir@reykjaneshaeir.is

2. mál Ofbeldismál ungmenna.

Umræður um ofbeldismál ungmenna. Málefni sem við þurfum að taka föstum tökum hér í Reykjaneshæ sem og annarsstaðar á landinu.

Kristján Freyr Geirsson heimsótti í síðustu viku nemendur í Háaleitisskóla og hélt fyrirlestur fyrir nemendur um mikilvægi þess að koma vel fram hvert við annað og afleiðingar ofbeldis. Í þessu málefni megum við aldrei sofa á verðinum.

Ráðhús Reykjaneshæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjaneshæjar

Sími 421 6700
reykjaneshaeir@reykjaneshaeir.is reykjaneshaeir.is

Samtakahópurinn vill hrósa foreldrafélagi Njarðvíkurskóla fyrir að bjóða upp á fyrirlesturinn Karlmennskan sem haldinn var fyrir fullum sal í Njarðvíkurskóla og minnir jafnframt á forvarnarsjóð Reykjanésbæjar þar sem foreldrafélög, íþróttalög og tómstundafélögin sem og annað samferðarfólk barna og ungmenna geta sótt um í sjóðinn til að bjóða upp á fræðslu fyrir börn, ungmanni og foreldra þeirra.

Að auki tók Samtakahópurinn þá ákvörðun að gera forvarnar myndband í samstarfi við Ungmennaráð Reykjanésbæjar. Myndbandið er áskorun til allra þeirra sem vilja láta málið sig varða og fordæma ofbeldi minnir á mikilvægi þess að koma vel fram hvort við annað. Myndbandið verður í anda þess sem sveitarfélagið Árborg gerði fyrir skemmstu og má kynna sér á neðan greindri slóð

<https://www.youtube.com/watch?v=RU0OSadpxmw>

Guðrún María Þorgeirsdóttir frá FFGÍR mun taka málið upp innan foreldrafélaga og mun skoða hvort ekki sé hægt að bjóða upp á fræðslu eða fund fyrir foreldrasamfélagið tengt þessu mikilvæga máli.

3. mál Kynning á Listasmiðju Reykjaness

Ómar Rondon starfsmaður Fjörheima og umsjónarmaður Listasmiðju Reykjaness kynnti Listasmiðjuna sem hefur farið afskaplega vel af stað.

Samtakahópurinn þakkar fyrir góða kynningu.

4. mál Kynning frá Ungmennaráði Reykjanesbæjar

Hermann Borgar Jakobsson kynnti metnaðarfullt starf Ungmennaráðs Reykjanesbæjar.

Samtakahópurinn þakkar góða kynningu.


6. mál Endurskinsmerki

Samtakahópurinn hvetur foreldra til að huga að notkun endurskinsmerkja fyrir sig sjálf og börnin sín nú þegar haustið er skollið á.

7.mál - 112 appið

Kristján Freyr Geirsson varðstjóri forvarna sagði frá 112 appinu sem er mjög gott app og getur nýst fólki á öllum aldri.

<https://www.112.is/112-app>



Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30